

# Eiganes - 87 íbúðir





## Lýsing

Batteríð sem undirverktaki fyrir Link Arkitektur tók við forhönnun af Stein Halvorsen Arkitektum árið 2010. Um er að ræða endurhönnun á íbúðum til að uppfylla aðgengiskröfur í nýrri byggingareglugerð TEK 10 og í framhaldi af því að gera verkteikningar ásamt eftirfylgni á byggingarstað.
Um er að ræða 3 byggingar með samtals 87 íbúðum auk bílakjallara. Bygging A 29 íbúðir, Bygging B 25 íbúðir og bygging C 33 íbúðir. Byggingarnar eru allar með hátt til lofts og stórum gluggum en uppfylla þrátt fyrir þetta háar orkukröfur (þar sem meðal annars er notast við glugga með U gildi 0,8). Byggingarnar eru með staðsteyptum milliplötum og burðarveggjum milli íbúða vegna hljóðvistar en útveggir eru léttir. Útveggjaklæðning er að mestu múrsteinn, pokapússaður með hvítri kalk pússningu. En einnig er notast við timbur í tengslum við innganga og á efstu hæð sem er inndregin. Allar íbúðir hafa birtu frá a.m.k. 2 hliðum og sama á við um útisvæði / svalir sem eru á báðum hliðum.

## Upplýsingar

| | |
|---|---|
| Heiti verks | 1130 / 60243 Eiganes Holberg |
| Heimilisfang | Gnr. 58. Bnr. 2216. Eiganes Alle,<br>Stavanger Noregur |
| Verkkaupi | Eiganes B3 AS |
| Hönnuður | Batteríið arkitektar/ Link Arkitektur |
| Landslagshönnuður | Asplan viak |
| Þrívíddarmyndir | Ensign |
| Stærð m2 | 13.995 m2 |
| Verklok | 2012 |




